Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Hafnarfirði 20. október, 2026

Efni: Þakkir fyrir stuðning og ósk um áframhaldandi stuðning við endurbætur á safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Hafnarfirði

Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði vill færa Hafnarfjarðarbæ bestu þakkir fyrir þann stuðning sem veittur hefur verið vegna endurbóta á safnaðarheimili Fríkirkjunnar.

Stuðningur bæjarins hefur skipt verkefnið verulegu máli og gert söfnuðinum kleift að ráðast af krafti í þá umfangsmiklu endurbætur sem þörf er á. Framkvæmdirnar eru liður í því að tryggja framtíð safnaðarheimilisins, bæta aðgengi og aðstöðu og skapa enn betri vettvang fyrir fjölbreytt samfélags- og menningarstarf í hjarta Hafnarfjarðar.

Eins og fram kom í erindi safnaðarins til bæjarstjórnar dagsett 18. september 2025 er um stórt og kostnaðarsamt verkefni að ræða. Það felur meðal annars í sér endurnýjun þaks og utanhússklæðninga, endurbætur á efstu hæð hússins, nýtt anddyri, bætt aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða, lyftu og fyrirhugaða viðbyggingu.

Framkvæmdum hefur miðað vel áfram og er nú fyrsta áfanga sem laut að endurnýjun þaks, utanhússklæðninga og efstu hæðar nánast lokið og hafa runnið rúmar 150 milljónir í þann hluta. Verið er að fara af stað í næsta áfanga sem lítur að bættu aðgengi með byggingu nýs anddyris og uppsetningu lyftu og nýs stiga milli hæða ásamt innréttingu miðhæðar. Áætlaður kostnaður við hann er um 118 milljónir króna.

Fríkirkjusöfnuðurinn telur nú um 8.000 manns og hefur fjölgun í hann verið stöðug og jöfn. Fríkirkjan og safnaðarheimilið hafa um langt skeið gegnt mikilvægu hlutverki í samfélagi Hafnarfjarðar. Safnaðarheimilið er ekki eingöngu vettvangur safnaðarstarfs heldur félagsheimili sem hefur staðið opið fjölbreyttum félagasamtökum, menningarstarfi, viðburðum og öðrum verkefnum sem þjóna bæjarbúum.

Með endurbótunum skapast tækifæri til að styrkja þetta hlutverk enn frekar. Bætt aðgengi og endurnýjuð aðstaða munu gera húsinu kleift að þjóna breiðari hópi bæjarbúa og skapa aukna möguleika á samstarfi Fríkirkjunnar, Hafnarfjarðarbæjar og annarra aðila um menningar- og samfélagsstarf í miðbænum.

Verkefnið hefur jafnframt sterka skírskotun til ásýndar og sögu miðbæjar Hafnarfjarðar. Fríkirkjan er órjúfanlegur hluti af bæjarmyndinni og með endurnýjun safnaðarheimilisins er lögð áhersla á að húsið falli vel að þeirri sögulegu bárujárnsbyggð sem einkennir þetta svæði bæjarins.

Söfnuðurinn mun áfram leggja ríka áherslu á að tryggja sinn þátt í fjármögnun framkvæmdanna og afla fjár til verkefnisins eftir föngum, m.a. með sérstöku fjáröflunarátaki. Í ljósi umfangs og kostnaðar framkvæmdanna er þó mikilvægt að áframhaldandi stuðningur Hafnarfjarðarbæjar komi til, svo unnt verði að halda verkefninu áfram af fullum krafti.

Söfnuðurinn óskar því eftir áframhaldandi fjárhagslegum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar að fjárhæð 25 milljónir króna vegna næsta áfanga framkvæmdanna.

Fríkirkjusöfnuðurinn þakkar Hafnarfjarðarbæ enn á ný fyrir þann stuðning og velvilja sem verkefninu hefur þegar verið sýndur og væntir þess að unnt verði að ljúka þessari mikilvægu uppbyggingu með sameiginlegu átaki.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði,

Sigurgeir Tryggvason, formaður

Gunnlaugur Harðarson, gjaldkeri